

## LÖG

### um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta bátar sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd öðlast veiðileyfi með krókaafلامarki noti þeir að lágmarki til helminga vistvæna orkugjafa. Til vistvæna orkugjafa samkvæmt þessari grein teljast rafmagn, vetni, metan og rafeldsneyti. Ráðherra getur með reglugerð heimilað aðra vistvæna orkugjafa með litlu kolefnisspori.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. maí 2023.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

*Svandís Svavarsdóttir.*